



UMHVERFISNEFND HRUNAMANNAHREPPS

13. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 23.apríl 2025 kl. 16:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður, Ragnheiður Georgsdóttir, Bjarni Arnar Hjaltason og Gunnþór Guðfinnsson starfsmaður umhverfismála.

DAGSKRÁ:

1. Ruslamálaráðherra 2025.
2. Umhverfisdagurinn/Rusladagurinn 2025.
3. Umhverfisverðlaun/Umhverfishrós 2025.
4. Plokkdagurinn.
5. Umhverfisverkefni í vinnslu.

Formaður setti fund og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

1. Ruslamálaráðherra 2025.

Samþykkt að skipa Bergsvein Breiðfjörð Theodórsson (Bessa) sem Ruslamálaráðherra 2025. Nefndin óskar eftir að sveitarstjóri tilkynni skipunina og upplýsi nýjan Ruslamálaráðherra um verkefni hans.

2. Rusladagurinn 2025.

Ruslamálaráðherra í samstarfi við sveitarstjóra og skólastjóra ákveða dagsetningu og dagskrá dagsins.

Hugmynd kom upp hvort ætti að huga að því á næsta ári að umhverfisdagurinn verði á öðrum degi en föstudegi þar sem starfsmenn áhaldahúss og skóla eru bara til hádegis á föstudögum og þá jafnvel hægt að gera daginn stærri ef hann væri allan daginn.

Nauðsynlegt að ræða þessa hugmynd við þá aðila sem koma sem mest að framkvæmd dagsins.

Vel var látið af dagskrá og aðstöðu við Sæsabar á síðasta umhverfisdegi og hvetur nefndin til að rætt verði við Sæsabar aftur.

3. Umhverfisverðlaun/Umhverfishrós 2024.

Árlega eru veitt umhverfisverðlaun og umhverfishrós við hátíðarhöldin á Þjóðhátíðardaginn. Samþykkt að óska eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna og umhverfishróss.

4. Plokkdagurinn 2025

Hinn árlegi plokkgdagur verður haldinn 27.apríl nk. Og er hann hugsaður sem upphaf plokk tímabilsins , vitundarvakning og hvatning. Nefndin hvetur alla til að taka þátt í deginum en leggur til að sveitarfélagið muni leggja áherslu á okkar árlega Rusladag sem verður í maí.

5. Umhverfisverkefni í vinnslu.

Unnið er að því að koma upp geymslulóðum við gámasvæðið. Gert er ráð fyrir að lóðir verða leigðar út til aðila sem þurfa að hafa svæði til að geyma stærri hlut eins og t.d gáma.

Vinna við gámasvæðið mun hefjast í næstu viku. Miðað er að því að endurskipuleggja svæðið, malbika, koma upp rampi, girða það af auk annarra hluta sem þarf að gera til að koma svæðinu í betra horf.

Klippikortum verður komið á þegar búið er að vinna svæðið og loka því af.

Miðað er að því að fækka grenndarsvæðum og verða grenndarsvæðin í Ásabyggð og Svanabyggð sameinuð í eitt grenndarsvæði sem verður staðsett við áhaldahúsið í Sneiðinni. Einnig er gert ráð fyrir að setja upp grenndarsvæði utan við girðingu á gámasvæðinu sem opið verður öllum allan sólarhringinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:20
Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir